# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 30

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Herra bæjarfógeti Halldór Daníelsson, kona Eyþórs Árnasonar í Bjargarsteini beiddi mig að skoða mat-björg þá sem til væri á heim-ili þeirra hjóna (maður hennar Eyþór Árnason er núna í ferð vestur á Mýrum) þar er ekkert til af mat nema 3–4 ~~tt~~ mjel og annað eins af Bbiggi ekkert fjós eingin ~~el~~ eldiviður, jeg sje því ekki annað fært en að leggja til við yður herra bæjarfógeti að Þórey Böðvarsdóttir kona Eyþórs Árnasonar fái einhverja hjálp af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~bæjarsjóði~~ sveitarsjóð
bæjarins

virðingarfylst

Reykjavík 29/12 1890
Erlendur Zakaríasson
(fátækrafulltrúi)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhanni Tímanni Johannsyni veitist styrkur úr bæjarsjóði að upphæð 5 fimm kr gegn endurgjaldi frá framfærsluhreppi hans (hennar) .................... hreppi í .................... sýslu.

Í fátækranefnd Reykjavíkur, 28 dag ágúst mán. 1890

Halldór Daníelsson Björn Jónsson
H. Kr. Friðriksson

Ávísast úr bæjarsjóði (áætl. III. ~~1. b.~~ 2.)

Í fjárhagsnefnd Reykjavíkur, 28 dag ágúst mán. 1890

Halldór Daníelsson E. Th. Jónassen

Borgað
Sigríður Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir beidni Pálma Pálmasonar
á Holtastöðum höfum við undir ritaðir
skoðað matvæli á þjeðju heimili
þar var ekkert að finna utan
hjer um bil 2 ℔ af ostbrandi

Reykjavik 27/11 1890

Gunnar Gunnarsson
Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Þorsteinsson flakingur

Samkvæmt bréfi yðar velborni herra
dagsettu 24. f.m. hefi ég leitað í embættis-
bókum þeim, hinna fyrverandi Kjalarnessþinga,
sem hér eru, og enga húsvitjunarbók fundið
eldri en frá 1847. Ég hefi og beðið hrepp-
stjóra Þórð Runólfsson á Móum, að leita í
þeim bókum téðs-prestakalls, sem þar eru
geymdar, og hefir hann eigi fundið eldri hús-
vitjunarbók en frá 1855, og get ég því eigi
gefið yður hinar umbeðnu upplýsingar um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón heitinn Þorsteinsson.

Reynivöllum 15 october 1885.

Þorkell Bjarnason

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir að jarðsyngja Jón Þorsteinsson, sem andaðist að Litlu-Drageyri í desembermánuði f. á. gjöri ég undirskrifaður sóknarprestur í Hestþingum kröfu fyrir líksöngseyri, að upphæð 3 Kr. 54 au., sem ég óska, að mér verði borgaðar af eptirlátnum fjármunum hans.

p. t. Arnarholti 13. maí 1887

Árnór Þorláksson.

Til Y Ad Klg. 162/88

Sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu

Refer. № 2399. – 87. Ad Klg. 303/87

ad Refer. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S

Krafa fyrir legu og útfarar kostnað eptir Jón Þorsteinsson er dó á Litla Drageyri 6 Desember 1886

| | kr | au |
|---|---|---|
| 1. Legukostnaður 21 dag fyrir hvern dag | | 75 |
| 2 | 15 | 75 |
| 2 Líkkista | 14 | |
| 3. Litur á Kistunni | | 50 |
| 4. Líkblæja | 1 | 50 |
| 5. Að flytja Kistuna frá Grund að Drageyri | 1 | |
| 6. Að vitja Prests | | 50 |
| 7. Kaup fyrir 6 Líkmenn | 12 | |
| 8. að halda Máltíð | 9 | |
| alls | 54 | 25 |

| | kr | au |
|---|---|---|
| Eptir Jón sál. Þorsteinsson fanst í peningum | 5 | 29 |
| 2. Kindarskinn pressuð er metinn voru á | 1 | 50 |
| alls | 6 | 79 |
| Þá vantar uppí ofan ritaðan kostnað | 47 Kr | 46 au |

ad Rgj 303/87

Grund 13 Desember 1886

Pjetur Þorsteinsson

2 Ad Rgj 162/88

Til Sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu

[illegible] 86.

ad [illegible] 88

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 Ad Klgj. 16 2/88

Hvað brjef yðar af 20. april þ. á. við víkjandi Jóni sál Þorsteinssyni, sem andaðist á Litludrageyri, snertir, þá er eigi auðið að skýra ljóslega frá sveit festi hans, þareð jeg hef ekki áreiðanlegar sagnir um það. — Hann mun ekki hafa átt neitt ákveðið heimili, því að hann var sífelt á umferðar reiki víðsvegar um landið. Eptir því sem hann sjálfur sagði, hefur hann verið nálægt 60 ára. Jón nokkur Sæmundsson bóndi á Sjávarhólum á Kjalarnesi var hjer á ferð í vetur og gat þess, að selt hefði verið eitthvað af fatnaði, sem hann hefði átt geymt hjá Þorláki bónda Jónssyni í Varmadal, eptir að andlát hans frjettist þangað. — Það hefur verið getið til, að hann hafi átt peninga, sem sje arfur, er honum hafi til fallizt, og mun helzt vera auðið

Mosf. 1235 3. — 87. Ad Klgj 307 / ad. Mosf.-Klf 88

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fá frekari upplýsingar um það hjá Þorláki bónda í Varmadal, eða ef vera kann að það sje geymt á einhverjum sjóði í Reykjavík

Grund 26. apríl 1887
Pjetur Þorsteinsson

Til
Sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kenn

kjavík

rsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu

að Arnarholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Móum 13 okt 1888

Velæruverðugi herra!

Eins og þér beiddust, hef jeg leitað í þeim bókum og blöðum sem hér liggja við tilheyrandi prestakallinu (Kjalarnessþingi) og ekki fundið eldri húsvitjunarbók en sem er byrjuð 1855 og endað 1862, — er því ekki að vænta þessað finnast þeim að spyrja Jón heitinn Þorsteinsson í þeim.

Virðingarfyllst

Þ. Runólfsson.

Herra prestur Þorkell Bjarnason
Reynivöllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir skipun Bæjarfógetans Rvik höfum við undir ritaðir skoðað matbjörg hjá Ingibjörgu Jónsdóttir á Raudará við Rvik þar var ekkert af finna utan 2, þorsk hausa hjer um bil 4 lóð af feiti 2 Sneiðar af ofnbrandi

Reykjavik 28 Agust 1890

Gunnar Gunnarsson

Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fædd 23. Júlí 1873 og skírð 29. Júlí 1873 er

Valgerður Jónsdóttir á Grund

Foreldrar: Jón Arnljótsson og Kristín Magnúsdóttir,
ógipt vinnuhjú á Grund. —

Eptir prestsþjónustubók Mjóafjarðar

Þinghól 11. April 1896

P. Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir fyrirmælum Bæjarfógetans í Reykjavík vorum við undirskrifaðir til staðar á heimili Jónasar Benidiktssonar á Sandvík í Kaplaskjóli til þess að skoða forlagseyri hanns, og var þar ekkert bjargræði sjáanlegt á heimilinu utan fáeinar rófur og tvo fiskbönd, það er því okkar álit, að hann bráðlega þurfi hjálpar við, svo að hann geti frammdregið líf sitt og sinna, heimilisfólk hanns er, hann og konan og fjögur börn.

Grímstöðum 23 desbr 1890.

Jón Þorsteinsson

Guðmundur Þorkelsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift
## úr
## þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu.

—1—

Ár 1890 hinn 3. júní var lögreglurjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Flassa í Kjalarnesshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með vottum Þorláki Jónssyni og Guðmundi Helgasyni. Var þar þá tekið fyrir

að halda áfram rannsókn um sveitfesti Jóns Þorsteinssonar.

Dómarinn lagði fram brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík, dags. 29. f. m., er auðk. Nr. 1-4 svohljóðandi:

Nr. 1.

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Reykjavík 29. dag maímán. 1890.

Umleið og jeg nú á ný leyfi mjer að senda yður, herra sýslumaður, meðfylgjandi skjöl viðvíkjandi sveitfesti Jóns Þorsteinssonar, þurfamanns, sem andaðist á Grund í Skorradal 6. des. 1886, eru það þjónustusamleg tilmæli mín, að yður mætti þóknast nú, er þjer haldið manntalsþing í Kjalarnesshreppi, að láta ekkjuna Margrjetu Vigfúsdóttur, sem á heima í Flassa eða Lambhúsum í Brautarholtshverfinu, skýra frá fyrir rjetti öllu því, sem hún man um dvöl Jóns Þorsteinssonar í Kjalarnesshreppi, sjerstaklega árin 1840-43, eptir að hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fór frá Álfsnesi, því í prestsvottorðinu finnst ekkert um, hvar hann hafi verið þessi ár.
Eptirrits af skjaslu nefndrar Margrjetar leyfi jeg mjer svo að vænta við þóknanlegt tækifæri og skjölin endursend.

Halldór Daníelsson.

Til
Sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu
Lagt fram í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Hlassa 31/6. 1890
Franz Siemsen

./. Skjölin Nr. 2-4 fylgja hjermeð.
Í rjettinum mætti ekkja Margrjet Vigfúsdóttir 73 ára að aldri. Var hún áminnt um sannsögli. Hún skýrir frá, að hún nú sje búin að vera rjett 30 ár hjer í Hlassa, áður en hún kom hingað hafi hún verið 25 ár í Álfsnesi. Vitnið segir, að þegar það hafi komið að Álfsnesi muni Jón hafa verið eitthvað um 13 ára og hafi alizt upp hjá fósturforeldrum sínum Arngrími Pálssyni og Helgu Vigfúsdóttur. Ennfremur skýrir hún frá að Jón hafi verið 1 eða 2 ár vinnumaður hjá vitninu og hafi hann er hann, fór frá þeim, farið burtu frá Álfsnesi, og muni hann þá hafa verið um 20 ára. Vitnið man ekkert eptir, hvenær þetta hafi verið nje heldur hvert Jón hafi farið, er hann fór frá Álfsnesi. Vitnið veit eigi til, að Jón hafi komið hingað í hreppinn aptur til veru.
Uppl. staðf.

Frekara eigi fyrir tekið
Rjetti slitið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vottar:
Guðm. Helgason. Þorlákur Jónsson.

Franz Siemsen

Rjetta útskript staðfestir
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Mýra- og Borgarfjarðarsýsla

Arnarholti 27. febr. 1888.

Hinn 6. dec. 1886 andaðist á Litlu-drageyri í Skorradal farandmaður Jón Þorsteinsson að nafni. Sveitarstjórnin í Skorradalshreppi annaðist útför hans, sem eptir meðfylgjandi reikningi kostaði 54 kr. 25 a. að með töldum legkostnaði. Af því að mjer hafði verið skýrt svo frá að Jón þessi mundi hafa verið sveitlægur í Kjalarneshreppi í Kjósar- og Gullbringusýslu, skrifaði jeg sýslumanninum þar þann 13. okt. f. á. og bað hann að útvega yfirlýsingu hreppsnefndarinnar í Kjalarneshreppi um hvort hún viðurkenndi sveitfesti Jóns og annast um að hún endurgyldi Skorradalshreppi útfararkostnað hans. Með brjefi 25. f. m. hefur sýslumaður sent mjer hjálagða skýrslu frá prestinum í Mosfellsprestakalli um veru Jóns Þorsteinssonar í þeim söknum, og virðist Jón eptir þeirri skýrslu hvergi að hafa unnið sjer sveit, heldur að hafa verið sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, sem mun vera Reykjavík.

Fjármunir þeir, sem Jón Þorsteinsson hafði meðferðis

Nr. 2 [illegible] fram í [illegible] Kjósar- og Gullbringusýslu [illegible] 3/6 1890
Reykjavíkur [illegible]

1 Ad Rkgj 162/88    Bjfn. 176/88
1049/90

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hann Gezt, og sem að mestu leyti hafa verið seldir við uppboð, hlupu á 11 kr. 24 a.; frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu hef jeg meðtekið 4 kr. 35 a., sem er andvirði fyrir reitur eptir Jón, sem seldar hafa verið á Kjalarnesi. Þegar þessar samtals 15 kr. 59 a. eru dregnar frá áðurnefnd- um legu- og útfararkostnaði verða eptir 38 kr. 66 a., sem eru ó end- urgoldnar Skorradalshreppi. Ennfremur hefur prestur- inn í Hestþingum samkvæmt meðfylgjandi reikn- ingi krafizt líksöngseyris eptir Jón, að upphæð 3 kr. 54 a.

Eg vil nú hjermeð leyfa mjer að beiðast þóknan- legrar tilhlutunar yðar, herra bæjarfógeti, til þess að áðurnefndar eptirstöðvar af útfararkostnaði Jóns Þorsteins- sonar verði endurgoldnar Skorradalshreppi af fátækra- sjóði Reykjavíkur, ef fátækrastjórnin þar kannast við að Jón hafi verið þar sveitlægur er hann Gezt. Og hafi Jón, eins og hreppstjórinn í Skorradals- hreppi í meðfylgjandi brjefi frá 26. apríl f. á. drep- ur á, átt einhverja meiri fjármuni en þegar eru komnir fram, vona jeg að krafa hlutaðeigandi sóknarprests fyrir líksöngseyri verði einnig tekin til greina.

Sigurður Þórðarson

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

# þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu

Ár 1888 hinn 5. júní var lögreglurjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Likkju á Kjalarnesi og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Franz Siemsen með vottum Böðvari Böðvarssyni og Eyjólfi Runólfssyni.
Dómarinn lagði fram brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík, dags. 23. marz þ. á. með 4 fskjölum áhrærandi sveitfesti Jóns ódl. Þorsteinssonar. Brjef þetta auðk. №1 og hljóðar þannig:

№ 1

Bæjarfógetinn í Reykjavík
23. marz 1888.

Með því að fátækranefndin hjer getur ekki að svo stöddu viðurkennt, að Jón Þorsteinsson sá, er ræðir um í meðfylgjandi skjölum, hafi verið sveitlægur hjer, þó að hann kunni að vera fæddur hjer, sem ekki er enn nægilega upplýst, en mjög líklegt virðist, að hann hafi unnið sjer sveit með 5 ára dvöl fyrir 1848 annaðhvort í Kjalarness- eða Mosfellshreppi, því að úr þeim hreppum mun hann aldrei hafa farið, meðan hann átti fast heimili, en upplýsingar úr viðkomandi prestakallsbókum um þetta efni eru mjög ófullnægjandi og óáreiðanlegar, eins og meðfylgjandi útskript sýnir—

2 ad Lcj. 1049/90.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá vil jeg hjermeð þjónustusamlega biðja yður, herra sýslumaður, að yfirheyra fyrir rjetti við fyrsta tækifæri þá Tómás Tómásson í Lambhúsum og Magnús Eyjólfsson í Lykkju á Kjalarnesi, og láta þá skýra frá því, sem þeir muna um verustaði nefnds Jóns Þorsteinssonar sjerstaklega á árunum 1838–1848.

Útskriptar af rjettarhaldinu leyfi jeg mjer svo að venta og jafnframt skjölin endursend.

Halldór Daníelsson

Til
Sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu

Lagt fram í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Lykkju 5/6 1888.

Franz Siemsen

En fylgi-skjölin fylgja með.

Í rjettinum mætti Magnús Eyjólfsson 64 ára að aldri. Eptir að vera áminntur um sannsögli skýrir hann frá, að eptir því, sem hann frekast ~~veit~~ man til, hafi Jón Þorsteinsson flutzt frá Álfsnesi hjer í hreppi að Lágafelli um árið 1843 og muni hann þá hafa verið 22 ára. Magnús segir að Jón muni líklega hafa verið vinnumaður 1 eða 2 ár í Álfsnesi, en hann staðhæfir að Jón ekki hafi verið þar 5 ár. Uppl. staðf. Þennan framburð sinn er Magnús reiðubúinn að staðfesta með eiði, ef þess yrði krafizt.

Böðvar Böðvarsson. Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið

Eyjólfur Runólfsson.

Franz Siemsen

Sama ár og dag var lögreglurjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Lambhúsum í Kjalarneshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Franz Siemsen með vottum Böðvari Böðvarssyni og Eyólfi Runólfssyni. Var þá tekið fyrir

að halda áfram rannsókn um sveitfesti Jóns Þorsteinssonar.

Dómarinn lagði fram sömu skjöl og í rjettarhaldinu hjer næst á undan.

Í rjettinum mætti Tómás Tómásson 68 ára að aldri. Eptir að vera áminntur um sannsögli, skýrir hann frá, að þegar hann fyrst muni eptir Jóni Þorsteinssyni, þá hafi hann verið í Álfsnesi. Tómás skýrir frá, að Jón hafi farið hjeðan úr hreppi að Lágafelli en hvenær það var, man Tómás ekki. Að því spurður segist Tómás ekkert muna eptir, hvort Jón hafi komið hingað í hreppinn til veru eptir að hann fluttist hjeðan að Lágafelli. Uppl. staðf. Skýrslu þessa er vitnið fúst á að staðfesta með eiði, ef krafizt verðr.

Böðvar Böðvarsson
E. Runólfsson.

Rjetti slitið
Franz Siemsen

Rjetta útskript staðfestir

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 3

Lagt fram í Lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að [illegible] 3/6 1890

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

modt 25/1

Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Kjalarneshreppi í tilefni af bréfi sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. nóv. 1887, skal eg leyfa mér að láta í té eptirfylgjandi skýrslu um dvöl Jóns nokkurs Þorsteinssonar í Mosfellsprestakalli, eptir að hann var 16 ára.

Jón þessi Þorsteinsson, er kvaðst vera fæddur í Grjóta í Reykjavík, nálægt árinu 1822, en látinn að Litlu-Drageyri í Skorradal 1887, er talinn

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| vinnumaður að Álfsnesi, | Kjalarneshr., | 16 ára | 31. des. | 1838 |
| do | do | do 17 | " " | 1839 |
| do | do | do 18 | " " | 1840 |
| vinnumaður að Lágafelli, | Mosfellshr. | 22 | " " | 1843 |
| do að Álfsnesi; | Kjalarneshr. | 32 | " " | 1850 |
| húsm. eð. lausamaður í Laxnesi; | Mosfellshr. | 33 | " " | 1851 |
| vinnumaður í Álfsnesi, | Kjalarneshr. | 30 | " " | 1852 |
| vinnumaður að Lágafelli, | Mosfellshrepps | 36 | " " | 1853 |
| do | do | do 37 | " " | 1854 |
| do | do | do 32 | " " | 1855 |
| húsmaður í Leirvogstungu | do | 33 | " " | 1856 |

5 Atr. Rgj. 162/88 Atr. Rgj. 46/88 ad Mfjr. ? 3101. 88
2 " " 1049/90 ad Mtr. ?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Önnur ár en þessi hef eg eigi getað fundið Jón þennan Þorsteinsson talinn í bókum Mosfellsprestakalls, og þó að töluverða skakki með aldurinn, jafnvel allt að 4 árum, hygg eg þó að þetta sé hinn sami maður. Eptir 1856 mun hann hafa flakkað um sveitir, án þess að eiga nokkurt löglegt heimili, og hefur þannig, að því er virðist, hvergi unnið sér rétt til sveitarframfærslu, en verið sveitlægur í sínum fæðingarhreppi.

Lágafelli, 17. jan. 1888.

Jóhann Þorkelsson.

No. 4

Lagt fram á lögreglurjettar-Rjettar- og Gullbringusýslu að Elliðaám 3/6 1890

Franz Siemsen

Til

hreppsnefndarinnar í Kjalarneshreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tómas Tómasson, þá í Viðinesi,
nú í Lambhúsum.
(Kristín á Varmá (þá í Lágafelli).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir beiðni Herra Þorsteins Péturssonar
í Gremshúsi við Rvík
höfum við undirskrifaðir
skoðað matvæli fyrnefnds Þorsteins
þar var ekkert að finna utan
á að giska 15 fiskunga í salti

Reykjavík 9 Februar 1892

Gunnar Gunnarsson
Guðmundur Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undir skrifað höfum skoðað matar birðir hjá Guðlaugi Jóns sini á Litlaseli og verðum við að álíta að heimili hans sje bjargarlaust
til staðfestu nöfn okkar

11/2–92

Gunnl Pjetursson
Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir umbodi Bæjarfógetans í Reykjavík, höfum við undirskrifaðir eptirsjeð bjargræði hjá herra Þorsteini Þorsteinssyni í Vesturgötu No 17. og fyrirfannst þar ekkert annað af matvælum, ~~hel~~ nema ein brauðsneið.
Heimilisfólk eru fimm að tölu foreldrar og þrjú börn.

Reykjavík 28/1 - 92
Þórður Torfason Ó. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir fyrirmælum herra bæjarfógetans í Reykjavík höfum við undirskrifaðir gjört skoðun á bjargarforða hjá Birni Hannessyni á Bjargi í Skuggahverfi, og fyrirfannst hans heimili alveg bjargarlaust. Í heimili hans eru þau hjónin og tvö börn, bæði kornung

Reykjavík 9. febr 1892

Ólafur Ólafsson
Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir skipun Bæjarfógetans í Rvík
höfum við undirskrifaðir skoðað
heimilis ástæður hjá Herra
Benidikt Ármannssyni í Sellandi
þar var ekkert til utan 6 þorskhausa

Reykjavík 6 Febrúar 1872

Gunnar Gunnarsson
Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir beiðni Guðlaugs
Þorsteinssonar á síðstu grund
í Þingholtum hef eg undirskrifaður
skoðað bjargræði hjá tjeðum
Guðlaugi Þorsteinssyni og var
þar eingin matarbjörg til
þettað vottast hjér með
2 febr 1892

Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir skipun frá Herra Bæarfógeta Halldóri Daníelssyni höfum við undir skrifaðir skoðað bjargræði hjá Jóni Eiríkssyni á Frostastöðum og ekkert þar til af bjargræði nema sem lítil ögn af kjöti þetta vottast hjer með

2 febr 1892
Steindór Jónsson
Guðm Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við undirskrifaðir höfum
samkvæmt beiðni frá Bæarfógeta
Halldóri Daníelssyni gjört
að sjón hjá Guðmundi Guðmundssyni
í Nikulásarkoti og höfum
fyrir fundið hans heimili alveg
bjargarlaust þetta að vottast
hjermeð 1 Februar 1892
Guðm. Guðmundsson
Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/2

Hjer með gef eg til vitund-
ar að eg hef komið á Heimilið
Lágholt til, konunnar Vigdísar
Bergþórsdóttir og skoðað hennar
mat björg og hún er bingin
3 börn hefur hún svo
eptir minni á liti kjemst
hún ekki af með minna
enn út á 12 krónur

Pálshúsum 11 Febrúar 1892
Guðmundur Þorkjelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt beiðni mælum
Bæarfógetans höfum við
undirskrifaðir litið eptir
bjargræði hjá Jóni Þórðarsyni
á Laugavegi 17 og var ~~og var~~
heimili hans algjörlega bjargar-
-laust þetta vottast hjermeð
Rvík. 19/12 1892
Guðm Guðmundsson
Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekkjan Sigríður Gísladóttir nú í Lýðbæ þyrfti nauðsynlega að komast í Sjúkrahúsið, þar eð hún eigi getur fengið nauðsynlega aðhlynningu þar sem hún nú er.

Rvík 16/2 92

Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt fírirmælum Herra Bæjarfógjetans í Reykjavik höfum við undirskrifaðir skoðað Bjargar forða Sveins Halldórssonar á Helgastöðum hjer í Bænum annað var þar ekki til enn litið eitt er hann hafði þann sama dag fengjið fírir vinnulaun sín við verslun eina hjer í Bænum Rúmt króna virði han er við fjórða mann það er hjónin og 2 börn þeirra bæði kornung konan var veik og lá Rúmföst

Reykjavik 12 júlí 1892

Ólafur Ólafsson

Guðmundur Guðmunds
son

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndinni hefur borist
brjef frá ydur, þess efnis
ad fá styrk hjer af hrepp-
num, Kemst Nefndin
ad þeirri nidurstödu: ad
synja ydur um nokkurn
styrk, og eins ádvarar (hún) nef-
ndin ydur ad taka ekkert lán uppá
hreppinn annarstadar frá,
þar ad auki megid þjer
kom hingad í hreppinn
svo framarlega þjer þur-
fid nokkurs styrks vid.
Mönum 31 Aug. 1891.

fyrir hönd hreppsnefndarinnar
Kolb. Eyjolfsson

Til
Sveins Gudmundssonar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fe

Fyrir hálfu 9. ári síðan átti jeg barn, ~~sem~~ skírt var María Guðbjörg, með Jóni nokkrum Jónssyni, sem þá átti heima í Gróttu á Seltjarnarnesi, og drukknaði hann í fiskiróðri þaðan, þegar þetta barn okkar var á 1. ári, en jeg hefi síðan allt til þessa tíma ein alið önn fyrir því. Nefndur Jón Jónsson var fæddur á Flassa á Kjalarnesi, og átti hann þar í hrepp framfærslurjett þegar hann drukknaði. — Vegna þess að mjer er ofvaxið að geta lengur alið önn einsömul fyrir þessu barni mínu, en Kjalarneshreppur mun að lögum vera skyldur að greiða meðlag með því að föðursins hálfu, þá dyrfist jeg hjer með í auðmýkt að leita liðsinnis og aðstoðar yðar, herra bæjarfógeti, og biðja yður að hlutast til um og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að Kjalarneshreppur borgi að föðursins hálfu meðlag með þessu barni mínu, með 40 krónum árlega frá þessum tíma meðan það er á ómagaaldri.

Holtkoti í Reykjavík, 17. desember 1891.

Auðmjúklegast:

Gróa Jónsdóttir.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skírnarseðill.

Jón Jónsson

er fæddur 28. sept. 1857 og skírður 29. s. m.

Foreldrar: Jón Guðmundsson og
Guðbjörg Þórðardóttir og[illegible]
vinnuhjú á Flassa.

Skírnarvottar: Jón Runólfsson, Ást[illegible]
Sigurðardóttir hjón á Fl[illegible]
Guðmundur Nikulásson
vinnumaður á sama bæ. —

Reynivöllum 24. nóv. 1891.

Þorkell Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur